

Aðstandendastefna Áss styrktarfélags 2008 - 2015

Stefna félagsins er að leggja ríka áherslu á gott samstarf við foreldra og/eða nána aðstandendur og gera starfsemi félagsins sýnilega þeim. Aðstandendum standi til boða aðstoð og upplýsingar eftir þörfum og tilefnum, sérstaklega við breytingu á högum, eins og flutning í búsetu og/eða dagþjónustu hjá félaginu. Standa ber vörð um að fjarlægð myndist ekki á milli þjónustuveitanda og notenda þjónustunnar.

Í stefnunni felst m. a.:

- Að allir fái kynningu á starfsemi félagsins áður en þjónusta hefst.
- Að ávallt sé kappkostað að veita aðstandendum góða þjónustu.
- Að aðstandendur geti óhindrað leitað til félagsins með mál sín, eftir þörfum, og fengið aðstoð við úrlausn þeirra.
- Að aðstandendur hafi aðgang að gögnum er varða einstaklinginn s.s. upplýsingar varðandi heilsufar, bókhald og annað.
- Að fundir með aðstandendum séu haldnir minnst einu sinni á ári - oftast sé þess óskað.
- Að aðstandendum séu kynntar leiðir til að þess að hafa áhrif á starf félagsins – t.d. með því að gerast félagar og sækja fundi og fræðslu á vegum félagsins.
- Að heimasíða sé aðgengileg. Hlutverk hennar sé að vera miðill upplýsinga um m.a. fræðslutilboð, stofnanir og félög sem vinna að málefnum fatlaðra.
- Að halda kynningar og fræðslufundi fyrir aðstandendur og starfsfólk, með það að leiðarljósi að starfsfólk og aðstandendur séu samstíga í hugmyndafræði og markmiðum að einstaklingsmiðaðri þjónustu.
- Að til sé vinnuferli þegar aðstandendur eru af erlendum uppruna eða búa við einhverja þá fötlun sem skerðir möguleika þeirra á hefðbundnum boðleiðum, eins og töluðu máli eða texta, á íslensku.

Framkvæmd / leiðir.

Kynning.

Þegar nýr aðili kemur í þjónustu, hvort heldur búsetu, dagþjónustu eða verndaða vinnu, skulu foreldrar og /eða nánir aðstandendur hans kallaðir í viðtal ásamt tilvonandi þjónustunotanda til ráðgjafar, ásamt forstöðumanni viðkomandi starfsstöðvar eða heimilis. Á þessum fundi er farið yfir þætti er varða viðkomandi þjónustustað. Á þessum fundi skal einnig farið yfir starfsemi félagsins og mikilvægi félagsaðildar.

Búseta.

Samskipti við aðstandendur eru mismunandi mikil. Í dagsins önn gleymist oft að ræða ýmis atriði, stór og smá er varða líf fólks. Skipulögð viðtöl við íbúa ásamt foreldrum eða öðrum aðstandendum geta komið í veg fyrir þetta. Í viðtölunum er farið yfir eftirfarandi þætti:

- Almenna líðan.
- Þjónustuna.
- Samskipti við aðra íbúa, starfsfólk, vini og aðstandendur.
- Heilsufar.
- Fjármál og bókhald.
- Fatnað.
- Tómsundur.
- Sumarleyfi.
- Atvinnumál.
- Framtíðarsýn.
- Annað.

Dagþjónusta.

Dagstofnanir skulu standa fyrir opnu húsi einu sinni á ári, til að aðstandendur og aðrir geti kynnt sér starfsemina. Óski aðstandendur eftir einkaviðtali þá er það alltaf velkomið.

Af hverju aðstandendastefna ?

Margt hefur áunnist í málefnum fatlaðra frá því að starfsemi félagsins hófst um miðbik síðustu aldar. Þrátt fyrir að þjónustan sé lögbundin er ekki þar með sagt að allt verði eins og best er á kosið. Baráttan um gæðapjónustu verður alltaf til staðar og raddir foreldra og/eða nánustu aðstandenda þurfa ávallt að heyrast. Aðstandendur eiga að vera öflugir þátttakendur og hafa áhrif á og taka þátt í starfsemi, nýjungum og þróun hjá félaginu, ásamt því að stuðla að aðstandendasamvinnu. Með aðstandendastefnu er tryggður frekari grunnur að samstarfi og samvinnu við aðstandendur til þess að þekking þeirra, viðhorf, skoðanir og óskir komist til skila.

Tímalengd og endurskoðun.

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftar ef þörf er á.

Samþykkt.

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni. Samþykkt í stjórn 20. febrúar 2008.

Búsetustefna Áss styrktarfélags 2008 – 2015.

Stefna félagsins er að leita nýrra leiða í búsetuúrræðum fyrir fólk með þroskahömlun. Félagið einsetur sér að vinna að þróunarstarfi og leita leiða til aukinna lífsgæða í samstarfi við íbúa og aðstandendur þeirra. Full þörf er á fjölbreyttum íbúðaúrræðum svo sem íbúðakjörnum, íbúðasambýlum og sjálfstæðri búsetu.

Stefna styrktarfélagsins er að virða rétt einstaklingsins til sjálfstæðis eins og kostur er. Í því felst meðal annars að:

- Hafa fjölbreytt búsetuúrræði í boði.
- Fólk geti valið sér búsetuform í samræmi við óskir sínar og þarfir.
- Fólk hafi val um með hverjum og hvar það býr.
- Veita einstaklingsmiðaða þjónustu og að sjálfsákvörðunarréttur verði virtur.
- Fólk fái að eldast með reisu heima hjá sér.
- Starfsmannaaðstaða sé ekki inni í einkarýmum íbúa og, þar sem því verður við komið, ekki hluti af íbúðahúsnæði.
- Fjöldi íbúa á herbergjasambýlum verði að hámarki 3 - 4.
- Í hverju íbúðasambýli verði að hámarki 4 - 6 íbúðir.
- Félagið haldi áfram, í samvinnu við íbúa og aðstandendur, að vinna að rekstri og nýjungum í búsetutilboðum.
- Félagið beiti sér fyrir styttingu biðlista í samræmi við stefnu þess í búsetumálum.

Í stefnunni felst að hvert það búsetuform sem fólk velur sér er alltaf heimili þess en ekki stofnun og skal njóta virðingar sem slíkt.

Út frá stefnu þessari skal skilgreina markmið og vinna framkvæmdaáætlun. Til þess að stefnan sé starfsmönnum ljós er nauðsynlegt að hún sé sett fram með skriflegum hætti og aðgengileg. Stefna þessi skal endurskoðuð árlega fram að ofangreindum endamörkum.

Tímalengd og endurskoðun.

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftast ef þörf er á.

Samþykkt.

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni.

Dagþjónustustefna Áss styrktarfélags 2008 – 2015.

Stefna félagsins er að fólk með þroskahömlun fái fjölbreytta einstaklingsmiðaða þjónustu og að veittur sé til þess stuðningur, eftir því sem við á hverju sinni. Meginstefnan er að veita heilsdagsþjónustu eftir óskum/þörfum hvers og eins. Unnið sé stöðugt að því að bæta og endurskoða þá þjónustu sem veitt er, til að gera hana enn markvissari og skilvirkari.

Dagþjónustan miði að því að velferð og sjálfræði sé virt í hvívetna þar sem einstaklingurinn njóti virðingar, búi við jafnrétti og samskipan í þjóðfélaginu.

Í stefnunni felst að:

- Dagþjónustan sé breytileg eftir því hvaða aldurshópi er verið að þjóna.
- Alltaf sé horft á þarfir hvers og eins og þeim mætt.
- Stöðugt skuli hugað að þróun þjónustu til almennrar samfélagsþátttöku.
- Dagþjónustustaðir félagsins séu í stöðugu endurmati.
- Horft skuli út fyrir veggi þjónustustaða við ákvörðun á þjónustutilboðum.
- Hafa opið hús einu sinni á ári á öllum dagþjónustustöðum.
- Að veita heildstæða heilsdagsþjónustu sem innifelur m.a. þjálfun, afþreyingu, tómstundir og vinnuþjálfun, óháð staðsetningu.
- Að þjónustuþegar geti valið um fleiri en einn þátt þjónustu. Geti farið á milli starfsstöðva, þar sem þjónustan er veitt, s.s. að velja sér tilboð í samræmi við óskir og þarfir.
- Að tekin séu þjónustuviðtöl við hvern og einn með reglulegu millibili.
- Í boði sé sem allra mestur fjölbreytileiki svo allir finni eitthvað við sitt hæfi.

Tímalengd og endurskoðun.

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftast ef þörf er á.

Samþykkt.

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni.

Fjárhags-, fjármuna- og rekstrarstefna Áss styrktarfélags 2008 - 2015.

Stefna félagsins er að sýna ráðdeild í einu og öllu. Utanumhald fjármála í þjónustu, verkefnum og framkvæmdum sé skilvirkt, rekjanlegt og gagnsætt. Að þjónustusamningar hverskonar séu félaginu ekki fjárhagslega íþyngjandi. Ráðstöfun fjármuna félagsins skal byggjast á meðvitaðri ákvarðanatöku af til þess bærum aðilum, ígrunduðum ástæðum, og skilgreindri þörf fyrir þjónustu og verkefni. Félagið hafi öflugan sjóði til að mæta áföllum.

Í þessu felst:

- Að reksturinn samkvæmt þjónustusamningi við ríkið standi undir sér.
- Að tryggja sem besta þjónustu fyrir það fjármagn sem til ráðstöfunar er.
- Að allir þættir rekstursins eru í höndum og á ábyrgð framkvæmdastjóra sem ráðinn er til þess af stjórn þess og ábyrgur gagnvart henni.
- Að meta fjármagnspörf hverrar starfsstöðvar samkvæmt þjónustupörf, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar.
- Að forstöðumenn séu meðvitaðir um hvar og hvernig kostnaður verður til og beri ábyrgð á sértækum fjárhagsáætlunum sem unnar eru í samráði þeirra og framkvæmdastjóra.
- Að gera alla rekstrar- og framkvæmdaþætti gegnsæja.
- Að gerðar séu trúverðugar rekstrar- og framkvæmdaáætlanir, sem öðlast gildi með samþykki stjórnar og sé framfylgt.
- Að eftirfylgd og eftirlit sé framkvæmt með virkum jákvæðum hætti.
- Að fjármunir félagsins séu undir virku eftirliti, unnið að markvissum endurbótum fasteigna og ábyrgri ávöxtunarstefnu lausafjár, sem og verðbréfa.
- Að stöðugt sé leitað leiða til að bæta við fjáröflunarleiðir félagsins auk þess að viðhalda til vaxtar þeim sem fyrir eru.
- Að þjónustusamningur félagsins við ríkið tryggi því það fjármagn sem um er samið á hverjum tíma, sem þýðir t.d. að fjárhagslegar breytingar í rekstrarumhverfinu, eins og: launahækkanir, verðlagsþróun, aukin krafa um þjónustu og þyngd hennar, komi sem viðbót á samninginn eftir því sem við á.
- Leggi félagið þjónustusamningnum til fé sé það samkvæmt bókun stjórnar.

Stefnumörkun og vinnuferli, varðandi reikninga sambýla Áss styrktarfélags unnið í júlí 2002 er hluti af stefnu þessari en er með sértækum atriðum varðandi sambýli félagsins. (Sjá fylgiskjal).

Þróun.

Lengi vel var Ás styrktarfélag rekið fyrir daggjöld af hálfu ríkisins auk þeirra tekna sem félagið aflaði sjálft með ýmsum hætti, m.a. happdrætti, jólakortasölu og minningarkortum. Eins hafa fjölmargir velunnarar styrkt félagið með ýmsum hætti í gegnum árin. Árið 2000 gerði félagið þjónustusamning við Félagsmálaráðuneytið og SSR um rekstur þess fyrir hönd ríkisins. Samningurinn var endurnýjaður og endurmetinn ári síðar 2001 og gilti til 2006. Hann var endurnýjaður aftur, nokkuð breyttur 2008 og gildir út 2010.

Tímalengd og endurskoðun.

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftár ef þörf er á.

Samþykkt.

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni. Samþykkt í stjórn 3. september 2008

Eftirfylgd og mælingar.

Eftirfylgd stefnunnar felst í að:

- A. Skilum á stöðu bókhalds/áætlana þrisvar á ári: 1. júní – 1.okt. og við áramót, til framkvæmdastjóra.
- B. Framkvæmdastjóri skrifar uppá alla reikninga.
- C. Skilafundur með forstöðumönnum er einu sinni á ári, að vori. Á þeim fundi er farið yfir stöðuna.
- D. Fundur með forstöðumönnum að hausti, vegna áætlanagerðar næsta árs.

Við skil forstöðumanna á bókhaldi/ rekstaryfirliti, ber að gera grein fyrir stöðunni og ræða helstu frávik við framkvæmdastjóra.

Sömuleiðis skal skila yfirliti yfir þjónustuþega samkvæmt stöðu þeirra mála 1. júní, 1. október og í lok árs. Beint samhengi er á milli ráðstöfunar fjármuna og fjölda þjónustuþega hvers staðar og þjónustubarfa þeirra.

Auk þessa skal skila ársskýrslu fyrir hvern stað. Skal hún vera tilbúin 1. feb. ár. hvert.

Fjárhagsleg áætlanagerð er:

- Samstæða fyrir heildina.
- Deildaskipt.
- Félagsleg.
- Deildarskipt félagsstarfsemi.
- Framkvæmdaáætlun.

Allar áætlanir eru unnar á ársgrundvelli frá 1/1 til 31/12 ár hvert.

Sé frávik í rekstri einstakra rekstrareininga +/- 5 % eða meira, skal forstöðumaður gera grein fyrir málum um leið og einsýnt er að svo sé að fara. Þetta á jafnt við um fjárhags- og þjónustuafkomu rekstrareiningarinnar. Það er á ábyrgð hvers forstöðumanns að sú rekstrareining sem undir hans stjórn er, haldist innan rekstraráætlunar. Nauðsynlegt er að rekstrarumhverfi sé með þeim innbyggða sveigjanleika að ef aukin fjárþörf verður hjá rekstrareiningu, sé

hægt að koma til móts við slíkt, sem felur í sér þá ábyrgð annarra rekstrareininga að öll rekstrarhagræðing og plúsfrávik skili sér inn til heildarinnar.

Ef um rekstrarafgang er að ræða sem skýrist af fækkun þjónustuþega eða öðrum frávikumfrá áætlun sem leiðir til óuppfyllts þjónustusamnings skal skila því fé inn til ráðstöfunar innan rekstrarheildarinnar.

Ef sýnt er að úthlutað fjármagn dugar ekki fyrir rekstri einingarinnar skal ræða það tafarlaust við framkvæmdastjóra félagsins. Í málf lutningi forstöðumanns skulu koma fram ástæður áætlaðs halla. Ef um “eðlilegt” frávik er að ræða vegna þjónustuþyngdar eða annars sem skýrist af breyttri þjónustu skal metið af framkvæmdastjóra og forstöðumanni hversu mikið fjármagn rekstrareiningin þarf til viðbótar til að standa á núlli við uppgjör. Ef um “óeðlilegt” frávik er að ræða og forstöðumaður hefur ekki tekið sig á til breytinga á því, skal gefa honum frest til þess að sýna fram á sannanlegar úrbætur fari hann fram á það við framkvæmdastjóra og komi þeim saman um að það þjóni tilgangi og hagsmunum félagsins og þjónustuþega á viðkomandi starfsstöð. Ef forstöðumanni tekst ekki að bæta úr innan umsamins frests ber honum að víkja úr starfi enda höndlar hann ekki lengur þá ábyrgð sem honum er falin. Meta þarf í hvert skipti í samráði við framkvæmdaráð félagsins hvað felst í „óeðlilegu“ frávikum.

Tímalengd og endurskoðun.

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftast ef þörf er á.

Samþykkt.

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni.

Fjölskyldustefna Áss styrktarfélags 2008 – 2015.

Stefna félagsins er að fólk geti samhæft vinnu og þarfir fjölskyldu á sem farsælastan hátt til hagsældar fyrir alla aðila. Fjölskyldustefnan stuðli að auknum lífsgæðum starfsmanna, ánægju, þjónustulipurð þeirra og trúmennsku við félagið.

Í því felst meðal annars:

- Að stuðla að samveru og samheldni fjölskyldna.
- Að möguleiki sé á flutningi milli starfa ef starfsmaður óskar þess vegna fjölskylduaðstæðna.
- Að félagið sýni starfsmanni skilning í erfiðum fjölskylduaðstæðum.

Í 50 ára sögu félagsins hefur það notið starfskrafta dyggra og þjónustufúsra starfsmanna með miklar hugsjónir og fagmennsku.

Tímalengd og endurskoðun.

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftar ef þörf er á.

Samþykkt.

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni.
Samþykkt í stjórn 20. febrúar 2008

Fræðslustefna Áss styrktarfélags 2008 - 2015.

Stefna félagsins er að starfsfólk hafi aðgang að sí - og endurmenntun. Fræðslan sé skipulögð og leiði af sér meira sjálfstraust og sjálfstæðari vinnubrögð. Hagsmunir starfsmannsins og vinnuveitanda skulu fara saman að þessu leyti, báðum til góðs.

Fræðsla í boði er m.a.:

- Nýliðafræðsla.
- Fræðsla sem beint er til ákveðinna starfsmannahópa.
- Reglubundin námskeið í skyndihjálpi einnig á léttlesnu máli.
- Fræðsla fyrir stjórnendur.
- Fræðsla á starfsdögum þjónustustaða og búsetu.
- Fræðsla á starfsmannafundum eftir því sem við á.
- Fræðsludagur fyrir sumarafleysingafólk.
- Vettvangsferðir með það að markmiði að starfsfólk kynnist öðrum vinnustöðum og efla samvinnu.
- Annað sem þörf er á hverju sinni.

Af hverju stefna í fræðslumálum?

Góð þjónusta einkennist af vönduðum vinnubrögðum, jákvæðum viðhorfum, færni starfsmanna og þekkingu. Þess vegna teljum við símenntun lykil að góðri þjónustu. Menntun temur fólki að beita öguðum vinnubrögðum, tileinka sér nýjungar og verða gagnrýnni á eigin viðhorf og vinnu. Í fræðslunni endurnýjar starfsfólk starfsorku sína og færir vinnuveitanda aukna þekkingu.

Tímalengd og endurskoðun

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftar ef þörf er á.

Samþykkt.

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni. Samþykkt í stjórn 20. febrúar 2008.

Gildi og framtíðarsýn Áss styrktarfélags 2008 - 2015

Gildi:

- Að virða sjálfræði og stuðla að velferð einstaklinga í stóru og smáu.
- Að gefa fólki með þroskahömlun kost á að lifa sambærilegu lífi við aðra í samfélaginu og veita þeim stuðning til þess eftir því sem við á hverju sinni.
- Að sýna og sanna að fólk með þroskahömlun njóti virðingar, búi við jafnrétti og samskipan í þjóðfélaginu og fái fjölbreytta einstaklingsmiðaða þjónustu.
- Að vera framsækið og traust félag í þjónustu við fólk með þroskahömlun og aðstandendur þeirra.

Framtíðarsýn:

- Að vera til staðar og stuðnings með það markmið í huga að fólk með þroskahömlun njóti sömu réttinda og aðrir borgarar á Íslandi.
- Að bjóða fjölbreytta þjónustu eftir því sem við á hverju sinni og hafa frumkvæði að nýjungum.
- Að vera frumkvöðlar í að bæta og endurnýja þá þjónustu sem er til staðar og gera hana enn markvissari og skilvirkari.
- Að bregðast fljótt við þegar breytingar verða í ytra umhverfi og gera viðeigandi breytingar á innra formi og skipulagi.

Tímalengd og endurskoðun

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftár ef þörf er á.

Samþykkt.

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni.

Gæðastefna Áss styrktarfélags 2008 – 2015.

Stefna félagsins er að öll þjónusta þess sé einstaklingsmiðuð og byggja á viðurkenndri hugmyndafræði. Þjónustunni sé viðhaldið með sífelldri þekkingarleit. Fræðsla til starfsmanna, þjónustuþega og aðstandenda skal vera með kerfisbundnum hætti og virkri upplýsingagjöf.

Í þessu felst m.a.:

- Fjárhagslegt heilbrigði ásamt lítilli yfirbyggingu.
- Virkt stjórnskipulag.
- Stuttar boðleiðir.
- Skýr markmið, samkvæmt stefnum félagsins sem byggja á grunngildum þess.
- Starfsemi og þjónusta félagsins tekur mið af þörfum hverju sinni.

Hvað eru gæði?

Skilgreining:

- Andleg og líkamleg velferð einstaklings í þjónustu.
- Ánægja byggð á hugmyndafræði. (Normalisering, full þátttaka og Wulfensberger).
- Að fá þá þjónustu sem þú vilt/ert ánægð með.
- Vel unnar og virkar stefnur, í sífelldri endurskoðun. (Flestir komi að þessu)
- Fjárhagslegt heilbrigði.
- Kerfisbundin og virk upplýsingagjöf og öflun(samskipti og tjáskipti)
- Viðhald þekkingar – allra hópa.
- Stuttar boðleiðir.

Mælikvarðar:

- Starfsmannavelta
- Fjöldi veikindadaga
- Rekstrarafkoma
- Þjónustukönnun á tveggja ára fresti
- Ánægjumat – sjá matsblað t.d. Capacent.

Markmið með gæðamati er:

1. Að vera í sífelldri framþróun. Gera betur í dag en í gær.
2. Að vera til stuðnings starfsfólki í þjónustu við fólk.
3. Að þjónustan leiði af sér gæði í lífi fólks

Sem hluti af gæðum, nú þegar til og í notkun:

- 14 stefnur – innleiddar í jan. 2006 endurskoðaðar í nóv. 2007.
- Starfsmannasamtöl sem hófust 2003 og voru endurmetin 2005.
- Fræðsluáætlun.
- Íbúaviðtöl í búsetu.
- Starfslýsingar fyrir allar stöður.
- Skrifuð gildi og framtíðarsýn.

Lagskipt flokkun:

- Samdráttarblað
- Almenn atriðaskrá t.d. í lagi og ekki í lagi.
- Nánari flokkun; svo sem:
- Fræðlustefna
- Öryggisstefna
- Starfsmannastefna
- Þjónustustefna
- Búsetustefna

Dæmi um alm. eyðublað 1, alm. atriði. til nota við mat:

Atriði.....

[] Í lagi

[] Laga

Atriði til lagfæringar _____

Markmið: _____

Ábyrgðaraðili: _____

Dæmi um samantektarblað til stjórnenda:

Samantekt

Eyðublað 1 Krossar í lagi: _____ fjöldi

Krossar til að laga: _____ fjöldi

Framh. samantekt. Atriði til skoðunar lagfæringar eftir flokkum

Stoðblað Starfsmenn: _____

Stoðblað Fræðsla: _____

Stoðblað Öryggismál: _____

Stoðblað XXXXXX _____

Stoðblað íbúar: _____


Stoðblað ýmislegt: _____

Stoðblað stjórnendur: _____


Stoðblað XXXXXX _____

Athugasemdir og atriði frá skoðunarmanni

Framtíðarsýn:



Ás styrktarfélag sem heild.



Ás styrktarfélag stofnað 23. mars 1958. Allir stjórnarmenn, þá og nú, eru foreldrar og systkini í baráttu fyrir bættri þjónustu við börn og systkini.

Tímalengd og endurskoðun

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftár ef þörf er á.

Heilsustefna Áss styrktarfélags 2008 - 2015.

Stefna félagsins er að heilbrigði á sál og líkama sé haft að leiðarljósi í allri vinnu hjá félaginu og skilningur á að heilsan sé ein aðalforsenda þess að geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Að ástundun heilbrigðs lífsstíls og lífshátta sé sjálfsgæður og eðlilegur þáttur í starfseminni “Góð heilsa er gulli betri”.

Heilsustefna Áss styrktarfélags á m.a.:

- Að efla vitund fólks um mikilvægi góðrar heilsu líkamlega og andlega.
- Að leggja áherslu á að bjóða upp á fjölbreytta hreyfingu við allra hæfi jafnt innan dyra sem utan, allt árið.
- Að efla vitund fólks um mikilvægi holls mataræðis.
- Að efla sjálfsmynd, sjálfsvitund og virðingu.
- Að leggja áherslu á að allir séu virkir þátttakendur í samfélaginu.
- Að leggja áherslu á allt almennt hreinlæti.
- Að stuðla að því að fólk hafi aðgang að almennt læknisþjónustu.
- Að stuðla að því að fólk hafi aðgang að sundi, sjúkra- og iðjuþjálfun eftir því sem þörf krefur.
- Að ein vika á ári verði tileinkuð heilsumálum hjá Ási þar sem m.a. verði boðið upp á ýmsa viðburði tengda andlegri og líkamlegri líðan.
- Að leggja áherslu á vinnuvernd með góðu vinnuumhverfi, nauðsynlegum hjálpartækjum og leiðbeiningum með starfsstillingum.
- Að stuðla að því að aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustað verði eins og best verði á kosið.

Markmiðið er að gera heilbrigðan lífsstíl sýnilegan í jákvæðum viðhorfum og sjálfsmynd einstaklinga sem starfa hjá félaginu eða njóta þjónustu þess. Félagið vill leitast við að hafa allan aðbúnað sem bestan og stuðla að hollustu á líkama og sál á vinnustöðum sínum, fyrir alla þá sem þar koma, til lengri eða skemmri tíma.

Af hverju stefna í heilsumálum?

Á síðustu árum hefur áherslan í þjóðfélaginu aukist varðandi heilsufarsmál, bæði hvað varðar líkama og sál. Það hefur sýnt sig að heilsuvernd er mikilvægur þáttur í starfsemi fyrirtækja fyrir líðan og virkni starfsmanna. Ástundun heilbrigðs lífsstíls og lífshátta leiðir til aukinna lífsgæða og vellíðunar, bætir heilsu og þrek, bæði andlega og líkamlega. Heilsuvernd er forvarnarstarf sem bætir afköst, vinnuumhverfi, starfsánægju og almenna líðan. Heilsuvernd og góð heilsa er mikilvæg, fyrir þá sem búa við fötlun í einhverri mynd og skiptir öllu til aukinna möguleika þeirra, á virkri þátttöku í samfélaginu.

Tímalengd og endurskoðun.

Tímalengd og endurskoðun er nauðsynleg til að takast á við breytingar í hinu almenna umhverfi, er gætu falist í nýrri þekkingu, nýjum áherslum eða hverju öðru sem leiðir til endurskoðunar á því sem áður er ákveðið. Stefnan er sett fram til 6 ára.

Tímalengd og endurskoðun.

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftar ef þörf er á.

Samþykkt.

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni.
Samþykkt í stjórn 3. september 2008

Framkvæmdaáætlun

Stofnaður verður vinnuhópur um heilsumál fyrir árslok 2007. Framkvæmdastjóri og starfsmannastjóri skipa í hópinn. Eitt fyrsta verkefni vinnuhópsins verður að fá tengil á hverri starfseiningu styrktarfélagsins til samstarfs. Rýnihópur leggur til að þessir tenglar verði forstöðumenn staðanna eða þeir aðilar sem þeir skipa í sinn stað. Vinnuhópurinn sér um fræðslu til tengla um framkvæmd stefnunnar. Tenglar miðla þeim upplýsingum til samstarfsmanna sinna.

Til að heilsustefnan nái fram að ganga, þarf einnig að vera almenn fræðsla um heilsumál til starfsfólks styrktarfélagsins.

Vinnuhópurinn gefur út skýrar vinnureglur og ítarlegar leiðbeiningar um heilsumál. Hópurinn er virkur í að minna á heilsustefnuna, sér til dæmis um að aðgengi að upplýsingum sé gott, s.s. bæklingar varðandi heilsumál.

Gefinn verði út bæklingur á auðlesnu máli um heilsumál þar sem eru til dæmis tillögur að matseðlum.

Hópurinn skipuleggur heilsuáttak hjá félaginu sem nær yfir ákveðið tímabil. Þar verður boðið upp á fitu- og blóðþrýstingsmælingar, regluleg hreyfing skipulögð og áhersla lögð á neyslu ávaxta, grænmetis og vatns.

Markmið vinnuhópsins er að gera þjónustuþega og starfsfólk meðvitað um mikilvægi heilsumála.

Í frekari vinnu við að hrinda í framkvæmd heilsustefnu innan rekstarareininga Áss styrktarfélags, er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þáttum SVÓT greiningar.

Hverju við getum byggt á og hverju þarf að gæta að. Starfshópurinn er vann að upphaflegri útfærslu heilsustefnunnar sér þetta svona:

Styrkleikar:

- Gott starfsfólk sem er fljótt að tileinka sér nýjungar.
- Góður stuðningur til að takast á við ný verkefni.
- Þekking og reynsla.

Veikleikar:

- Óöryggi vegna þekkingarskorts.
- Aukið álag hjá starfsmönnum.

Ógnanir:

- Tímaskortur.
- Viðhorf til heilsumála.
- Kostnaður.

Tækifæri:

- Að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt.
- Takast á við nýjungar.
- Vekja vitund fólks um mikilvægi góðrar heilsu.

Jafnréttisstefna Áss styrktarfélags 2008 - 2015.

Stefnan byggir á þeim leikreglum samfélagsins að allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, efnahags, uppruna, fötlunar, sjúkdóma eða annarrar stöðu í þjóðfélaginu.

Í því felst meðal annars:

- Að félagið stuðli að auknu jafnrétti fólks með þroskahömlun til vinnu og almennrar samfélagsþátttöku.
- Að allir eigi rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og heiðarleika.
- Að siðareglur séu til fyrir félagið og starfsfólk þess.
- Að félagið vinni markvisst að því að jafna stöðu kynjanna í starfsemi sinni og stuðli að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna – og karlastörf.
- Að félagið skuldbindi sig til að vinna gegn kynbundnum launamun við ráðningu starfsfólks og í launapróun.
- Að starf sem laust er skuli standa opið jafnt konum og körlum.
- Að félagið geri ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni innan félagsins. Vísað til 17. greinar jafnréttislaga um kynferðislega áreitni.
- Að félagið virði rétt til trúfrelsis og trúariðkana svo fremi að þær skaði ekki trúfrelsi annarra.
- Að félagið virði rétt fólks til þátttöku í stjórnmalum og tjáningu stjórnmalaskoðana svo fremi að hún beinist ekki að skoðanafrelsi annarra.

Tímalengd og endurskoðun.

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftár ef þörf er á.

Samþykkt.

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni.

Þetta eru grundvallaratriði í samfélagi sem aðhyllist hugsjónir lýðræðis, manngildis og mannréttinda. Með jafnri stöðu, nýtist sú auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfi. Þannig er tryggt að mannauður félagsins verði sem best nýttur.

Kynningar - og styrktarstefna Áss styrktarfélags 2008 - 2015

Stefna félagsins er sú að vekja athygli umhverfisins á starfsemi Áss og þeim sérstöku átaksverkefnum sem unnið er að, á hverjum tíma.

Að þiggja með þakklæti. Vekja áhuga fólks og fyrirtækja í þjóðfélaginu á að veita Ási styrki og hverslags stuðning til áframhaldandi starfsemi í þágu fólks með þroskahömlun.

Félagið lítur á það sem hluta af starfsemi sinni að láta til sín taka í samfélaginu, með því að styðja og styrkja þá, sem starfa í málaflokki fatlaðra eða vilja afla sér menntunar á þeim sviðum, sem félagið leggur áherslu á hverju sinni.

Í stefnunni felst m. a.:

Kynningarmál:

- Að kynna á hverjum tíma reglulega starfsemi félagsins.
- Að kynna sérstaklega öll átaks- og sérverkefni.
- Að á heimasíðu komi fram þegar félagið þiggur styrki og gjafir, sé það viðeigandi.
- Að bjóða styrktaraðilum kynningu á félaginu í því formi sem þeir óska eftir og mögulegt er að veita.
- Að bjóða gefendum að heimsækja þá staði sem styrkjum og gjöfum er beint til, eftir því sem aðstæður leyfa.
- Að aukin fræðsla um málefni fatlaðra sé öllum til góðs og því gott málefni að styðja

Þegnir styrkir:

- Að halda skrá yfir þá aðila sem styrkt hafa félagið, í hverju styrkurinn felst og hvenær honum var veitt viðtaka.
- Að ávallt sé kappkostað að sýna þakklæti í verki, eftir því sem við á.
- Að senda út þakkarbréf einu sinni á ári til allra þeirra er styrkt hafa félagið reglulega.
- Forstöðumenn hvers staðar séu í góðu sambandi við styrkveitendur og þakki fyrir sig eftir því sem við á.

Skammtímaþjónustustefna Áss Styrktarfélags 2008 - 2015.

Skammtímaþjónustustefna Áss er að veita fjölskyldum fatlaðs fólks þann stuðning sem þarf til þess að allir geti verið heima svo lengi sem kostur er. Skammtímaþjónusta á að vera margbreytileg og hæfa öllum aldurshópum. Þjónustan á að stuðla að auknum lífsgæðum með eflingu sjálfstæðis og sjálfsákvörðunarréttar og undirbúa einstaklinga undir að flytja að heiman þegar að þeim tímapunkti kemur.

Markmið þjónustunnar er:

- Að virða rétt einstaklingsins til sjálfstæðis ásamt því að veita einstaklingsmiðaða þjónustu.
- Að koma til móts við félagsþörf og auka félagslega færni þjónustunotanda.
- Að undirbúa fólk með þroskahömlun undir að flytja að heiman í fyllingu tímans.
- Að veita þjónustu í heimahús þegar eftir því er óskað.
- Að þjónustan sé miðuð við þarfir einstaklingsins og fjölskyldunnar.

Fjölskyldumiðuð skammtímaþjónusta felur í sér:

- Gæðþjónusta þar sem lögð er áhersla á að veita einstaklingsmiðaða þjónustu í samstarfi við aðstandendur.
- Sólarhringsþjónusta þegar óskað er eftir því.
- Þjónusta heim: felur í sér stuðning við fjölskylduna kjósi hún að fá þjónustu veitta inná heimilið.

Af hverju stefna í skammtímaþjónustu:

Stefnur eru settar fram til að átta sig á því hvernig framtíðarsýn Áss er hugsuð. Ás er foreldrafélag sem berst fyrir hagsmunum fólks með þroskahömlun og leggur m.a. áherslu á að fólk hafi val um mismunandi þjónustu.

Ás styrktarfélag hefur það að markmiði að þrýsta á að aðrir þjónustuaðilar bjóði uppá skammtímaþjónustu, en slík þjónusta er nú í höndum Reykjavíkurborgar og Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra. Það er stefna Áss að beita sér fyrir nýjungum og bjóða uppá skammtímaþjónustu ef þörf er á.

Ás styrktarfélag leggur ríka áherslu á að koma til móts við þarfir fólks með proskahömlun og aðstandenda þeirra. Skammtímaþjónusta væri ein leið til að víkka út þjónustuna og m.a flytja hana inn á heimilin. Með slíkri þjónustu gefst fötluðu fólki tækifæri til að vera lengur í heimahúsum.

Tímalengd og endurskoðun.

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftar ef þörf er á.

Samþykkt.

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni.

Framkvæmdaráætlun:

- Að stjórn Áss fylgist vel með framvindu í skammtímaþjónustumálum.
- Að þrýsta á Reykjavíkurborg og Svæðisskrifstofu Reykjavíkur að veita þjónustuna.
- Að gefa fólki tækifæri til að hafa val um mismundandi þjónustu.

Endurskoðun:

Endurskoðun þarf að vísa til þeirrar framtíðarsýnar sem Ás hefur í samræmi við lög og reglugerðir. Stefnan stendur til ársins 2015, en þarfnast endurskoðunar á tveggja ára fresti.

Skjalastefna Áss styrktarfélags 2008 - 2015.

Stefna félagsins er að varðveisla gagna og skjala sé með þeim hætti að þau séu til reiðu, á hverjum tíma, til handa hverjum þeim er þurfa á að halda og hafa heimild til. Í því felst að öll skjöl, stafræn sem og önnur, séu varðveitt eftir einföldu og skilvirku kerfi sem starfsmenn kunna á. Að með góðri skjalastefnu sé jafnframt stuðlað að góðri yfirsýn verkefna, skilvirkari rekstri og umhverfi.

Skjalastefna Áss styrktarfélags á að leiða til þess að:

- Skjöl séu aðgengileg.
- Skjalakerfið sé auðskiljanlegt.
- Skjöl séu meðhöndluð samkvæmt ákveðnu kerfi.
- Skjöl séu meðhöndluð samkvæmt lögum um persónuvernd.
- Góð yfirsýn fáist yfir verkefni og stöðu þeirra.
- Stuðla að bættu starfsmannaumhverfi
- Gera rekstur markvissari.
- Til séu skýrar reglur um aðgengi upplýsinga og hverjir hafi aðgang að þeim.
- Starfsmenn viti hvað má upplýsa og miðla af skjölum og upplýsingum til þriðja aðila.
- Flutningur og geymsla gagna hlíti ákveðnum skilgreindum reglum.

Af hverju stefna í skjalamálum?

Skjalavarsla felur í sér skipulögð vinnubrögð við daglega meðferð og varðveislu skjala, sem til verða hjá félaginu, í hvaða formi sem þau eru.

Með skipulagðri skjalastefnu er m.a. átt við, að unnið sé eftir fyrirfram ákveðnum aðferðum við skráningu og frágang bréfa og annarra skjala félagsins, að ljóst sé hvaða skjalaflokkar verða til hjá félaginu og hvaða starfsmenn vinna með skjölin, að ljóst sé hvaða skjöl á að varðveita og hverju má henda, að aðgangsheimildir séu skýrar og að auðvelt sé að nálgast eldri skjöl þegar á þarf að halda. Einnig þarf að marka stefnu varðandi persónugögn og styðjast við lög um persónuvernd.

Skjalavarsla í dag er mun flóknari en áður var. Skjal í dag er ekki aðeins skrifaður texti á pappír. Nú eru skjöl myndir, stafræn tákni á tölvudiski, bréf úr prentara, teikningar, o.s.frv. og gefur því augaleið að mikil fjölgun skjala helst í hendur við aukna tækni.

Tímalengd og endurskoðun.

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftast ef þörf er á.

Samþykkt.

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni.

Framkvæmdaáætlun fyrir skjalastefnu félagsins felst m.a. í að:

- Koma á skjalakerfi (eftir nánari útfærslu þar um). Búa þarf til skjalavistunarkerfi sem lagaður er að þörfum Áss. Þar komi fram skjalaflokkar og undirflokkar.
- Skjalaáætlun sé gerð fyrir alla flokka skjala (þ.e. pappír, rafræn gögn, myndir o.s.frv.).
- Aðgengi að skjölum sé gert skilvirkt. Stefnt sé að því að hafa sem flest skjöl vistað á rafrænu formi. Samningar o.þ.h. sem þarf að vera til á pappír sé jafnframt vistað t.a.m. í peningaskáp. Marka þarf stefnu um hvernig skal meðhöndla eldri skjöl sem eingöngu eru til á pappír. Hægt er að skanna inn pappíra og vista þannig á rafrænu formi. Skilgreina þarf hverjir hafi lesaðgang og skrifaðgang að skjölum.
- Mennta starfsfólk í flokkun skjala og virkni skjalakerfisins eftir því sem við á. Keypt sé ráðgjafþjónusta sem geri tillögu að skjalavistunarkerfi sem byggir á þörfum styrktarfélagsins. Einnig þarf að fylgja vel eftir innleiðingu slíks kerfis sem og símenntun þeirra sem nota eiga kerfið.
- Auka meðvitund starfsmanna um gildi rafrænna samskipta.
- Gefa skýrar leiðbeiningar um mikilvægi skjala og vistun þeirra.
- Stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.
- Tryggja áreiðanleika og gæði persónulegra upplýsinga.
- Fylgt verði eftir lögum um söfnun, vistun, eyðingu og eftirlit með persónuupplýsingum.
- Eyðing skjala sem fallin eru úr gildi, fari fram samkvæmt reglum þar um.

Vinna þarf skilgreiningar til grundvallar fyrir skjalakerfi félagsins. Í þeirri vinnu þarf m.a. að svara spurningum eins og:

- Hve lengi eru skjöl virk?
- Hvenær verða skjölin óvirk?
- Vistunartími skjala í safni óvirkra skjala?
- Á að varðveita skjölin eða eyða?
- Form skjala (pappír, rafræn skjöl)?
- Á að færa skjöl yfir á annað form til langtímvistunar?
- Hvaða skjöl teljast til persónuupplýsinga og hvernig á að meðhöndla þau?
- Eldri skjöl félagsins, hvernig meðhöndlum við þau?
- Hvernig setjum við upp starfsmannavæna upplýsingahandbók um málið?
- Fræðsla og virkjun starfsfólks?
- Í hvernig rými á að vista hverja tegund skjala? Trúnaðarskjöl eða ekki?

Niðurlag.

Vinna þarf að leiðbeinandi reglum fyrir starfsmenn þannig að þeir séu meðvitaðir um hverju má miðla af upplýsingum flytji þjónustuaðili milli þjónustustaða. Þar sem við vinnum með fólki eru allar upplýsingar og upplýsingagjöf viðkvæm mál sem þarf að meðhöndla með nákvæmni og meðvitund um tilgang og trúnað. Ljóst er, að fá þarf utanaðkomandi ráðgjöf varðandi framtíðarskjalavistun styrktarfélagins.

Væntanlega verður skjalavistun innan styrktarfélagins það stór þáttur í starfseminni að gera þurfi ráð fyrir starfsmanni sem eingöngu sinni þessum þætti. Til eru fleiri en eitt kerfi sem haldið geta utan um skjalavistun fyrirtækja. Meta þarf hvaða kerfi hentar styrktarfélaginu best.

Starfsmannastefna Áss styrktarfélags 2008 - 2015.

Stefna félagsins er að hafa ætíð á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki, búa í haginn fyrir það þannig að hæfileikar, frumkvæði og dugnaður hvers starfsmanns fái notið sín í hvívetna. Starfsaðstæður séu á þann veg að starfsfólk njóti þeirra og því líði vel. Sameiginleg stefna allra starfsmanna er að sýna hvert öðru umhyggju, skilning og að þeir hjálpist að við að taka á málum eftir því sem við á hverju sinni.

Í því felst meðal annars:

- Að starfsmaður sé sá sem er á launaskrá Áss.
- Að félagið hafi virka starfsmannastefnu.
- Að félagið hafi virka fræðslustefnu.
- Að félagið hafi virka fjölskyldustefnu.
- Að félagið og starfsmenn þess starfi samkvæmt siðareglum sem aðilar setja sér.
- Að félagið hafi virka heilsustefnu (heilsu- og mannræktarstefna).
- Að formleg starfsmannasamtöl séu viðhöfð.
- Að starfsmenn taki virkan þátt í stefnumótunar- og skipulagsvinnu félagsins.
- Að móttaka og fræðsla nýrra starfsmanna sé skilvirk og sjálfsögð.
- Að ástunda starfsþjálfun ásamt endur- og símenntun.
- Að möguleiki sé á flutningi milli starfa.
- Að starfslök séu gerð eins auðveld og kostur er.
- Að félagið kappkosti að vanda til starfsaðstöðu og góðs umhverfis.
- Að tryggja góðan farveg fyrir upplýsingagjöf til starfsmanna.

Staðreyndir:

Í 50 ára sögu félagsins hefur það notið starfskrafta dyggra og þjónustufúsra starfsmanna með miklar hugsjónir.

Af hverju stefna í starfsmannamálum?

Það er mikilvægt að allir starfsmenn viti hver stefna félagsins er í sem flestum málaflokkum. Þannig tengjast þeir skipulagsheildinni, vita fyrir hvað félagið stendur og hvers má vænta. Þess vegna er nauðsynlegt að félagið setji sér stefnu útfrá framtíðarsýn sinni og skilgreini markmið sín svo vel sem auðið er.

Framkvæmdaáætlun á að fylgja hverri stefnu til raunhæfra verka. Til að skilaboðin verði þau sömu til allra starfsmanna er nauðsynlegt að starfsmannastefnan sé sett fram með skriflegum hætti eins og hér er gert.

Tímalengd og endurskoðun.

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftár ef þörf er á.

Samþykkt.

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni.

Umhverfisstefna Áss styrktarfélags 2008 - 2015.

Umhverfismál verða aldrei slitin úr samhengi við önnur mál. Hugsa þarf um áhrif mannsins á umhverfi sitt. Sú hugmyndafræði sem er við líði í þjóðfélaginu í dag byggir á sjálfbærri þróun, sem auðgar lífsgæði fólks án þess að rýra möguleika komandi kynslóða. Fólk þarf að skilja, þekkja og virða umhverfi sitt og náttúru til að gera sér grein fyrir sameiginlegri ábyrgð á ástandi og verndun þess. Með virkri þátttöku í umhverfisvernd leggjum við okkar að mörkum í sjálfbærri þróun samfélagsins.

Tímalengd og endurskoðun.

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftár ef þörf er á.

Samþykkt.

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni. Samþykkt í stjórn 3. september 2008

Framkvæmdaáætlun.

Til þess að umhverfisstefnan nái fram að ganga þarf að vera almenn fræðsla um umhverfismál fyrir starfsfólk og þjónustuþega félagsins.

Gefa þarf út skýrar vinnureglur og nýta ítarlegar leiðbeiningar um flokkun og nýtingu úrgangs sem möguleikar eru til að endurnýta á einhvern hátt. Einnig er hægt að nota heimasíðu félagsins til að áminna, koma með ábendingar og hugleiðingar um umhverfisvernd.

Markmið vinnureglna, leiðbeininga og fræðslu, er að auðvelda starfsfólki að tileinka sér umhverfisvæna hugsun.

Til þess að vinna markvisst að umhverfisstefnunni frá upphafi, þarf að gera könnun á stöðu flokkunarmála hjá starfsstöðvum styrktarfélagsins sem byggja má frekari útfærslur umhverfisstefnunnar á.

Fyrir ársbyrjun 2009 ættu allar rekstrareiningar að vera byrjaðar:

- Að komið verði upp safnkössum fyrir lífrænt sorp.
- Að flokka dagblöð og annan pappír. Komið verði á flokkun dagblaða og öðrum pappír á öllum starfseiningum og farið með í endurvinnslugáma.
- Að drykkjarfernur verði skolaðar, þurrkaðar og farið með í endurvinnslugáma.
- Að bylgjupappír og öðrum pappa, verði safnað og skilað til Sorpu.

Öryggisstefna Áss styrktarfélags 2008-2015.

Stefna félagsins er að stuðla að öruggu umhverfi hvarvetna í þjónustu og aðstöðu félagsins eins og kostur er.

Umhverfið skal vera heilsusamlegt og öryggissjónarmiða gætt til hagsbóta fyrir þjónustupega og starfsmenn. Hér er átt við öryggi í allra víðasta skilningi þess orðs. Leiðbeinandi reglur séu um umgengni húsa, tækja og annars búnaðar, varðandi notkun og meðhöndlun. Aðilar hvers staðar, kunni og viti hvernig bregðast á við aðstæðum hverju sinni. Æfingar er auka á öryggi og viðbragðshraða, (bruna, rýmingar, o.sfrv.), skulu vera minnst einu sinni á ári. Vinnustaðir, sambýli og íbúðir skulu uppfylla allar þær almennu kröfur og reglugerðir sem gerðar eru til vinnustaða og heimila fólks. Skyndihjálparunnátta starfsmanna á að vera almenn og endurnýjuð reglulega.

Í öryggisstefnu Áss styrktarfélags felst m.a.:

- Að gerð verði öryggishandbók fyrir vinnustaði og sambýli.
- Að efla viðbragðsáætlanir og fræðslu til þjónustupega og starfsmanna um,
 - eldsvoða (notkun slökkvitækja, undankomuleiðir, rýmingaráætlun).
 - vatnstjón.
 - náttúruhamfarir (jarðskjálfta).
 - skyndihjálp.
- Að allir staðir Áss séu útbúnir öryggistækjum (reykskynjurum, slökkvitækjum, eldvarnarteppum, sjúkrakössum).
- Að stuðla að öryggi þjónustupega og starfsmanna gagnvart ofbeldi.
- Að skipaður verði starfshópur til að skoða með markvissum hætti og koma á vinnureglum í tengslum við þvingun og valdbeitingu. (Sjá 6. grein laga um tvang og magt frá Noregi).
- Að starfsmenn séu á hverjum tíma upplýstir um öryggi síns vinnustaðar og séu meðvitaðir um almenn öryggisatriði við dagleg störf.
- Að gerðir verði gátlistar um öryggismál.

Af hverju stefna í öryggismálum?

Öryggismál eru mikilvægur þáttur í allri starfsemi. Mikilvægt er að þjónustuþegar, starfsfólk og aðrir sem koma að félaginu upplifi og treysti því að öryggi í víðasta skilningi þess orðs sé haft að leiðarljósi í þjónustu og umhverfi félagsins.

Tímalengd og endurskoðun.

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftár ef þörf er á.

Samþykkt.

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni.

Framkvæmdaáætlun.

Stofnaður verði þriggja manna vinnuhópur um öryggismál. Hans fyrsta verkefni er að fá tengil á hverri starfseiningu Áss styrktarfélags til samstarfs.

Vinnuhópurinn sér um fræðslu til tengla í framkvæmd öryggismála:

- Að búin verði til öryggishandbók fyrir allar starfseiningar styrktarfélagsins.
- Auk þess sem að framan greinir, skal vinnuhópurinn huga að hvernig vörnum við innbrotum verður best við komið.

Til þess að öryggisstefna nái fram að ganga þarf að:

- Vera almenn fræðsla um öryggismál fyrir starfsfólk styrktarfélagsins.
- Gefa út skýrar vinnureglur og ítarlegar leiðbeiningar um öryggismál.

Til þess að þessi atriði séu framkvæmanleg er mikilvægt að stofna öryggishóp sem sjái um fræðslu og eftirfylgd öryggismála. Öryggishópurinn mun fá til liðs við sig öryggistrúnaðarmenn frá hverri starfseiningu.

Markmið vinnuhópsins er að gera þjónustuþega og starfsfólk meðvitað um mikilvægi öryggismála.